

Byggðasafn Reykjaneshæjar

Ársskýrsla 2010



*Verðlaunamynd Péturs Darra Péturssonar í ljósmyndamaðaröðinni
úr flokknum , 'Bærinn minn'*



Starfsemin

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Björn Ragnarsson safnvörður bæði fastráðin í 100% starfi. Sökum skerðingar var Sigrún í 90% starfi 11 mánuði ársins. Í lok október varð Björn 70 ára og varð því að láta af störfum sökum aldurs, ekki hefur verið ráðið í stöðuna.

Um sumarið voru ráðnar þrjár stúlkur til að sinna Stekkjarkoti og Innri Njarðvík, það voru: Erla Sýlvía Hauksdóttir, Emilía Magnúsdóttir og Særún Sævarsdóttir. Þá var Óli Þór Ásgeirsson ráðinn í 100% starf í 3 mánuði til aðstoðar við flutning safnkosts en hann kom inn á vegum atvinnuáttaks fyrir ungt fólk og námsmenn. Björk Bergsdóttir vann 100% starf í tvö mánuði sem sjálfboðaliði við að koma safninu fyrir í nýtt húsnæði en hún kom inn í nemendavinnu mastersnema við Safnafræði við Háskóla Íslands. Þá var Tómas Knútsson ráðinn sem verktaki í tæpa 2 mánuði meðan á flutningi stóð.

Rekstur og styrkir

Rekstrarstaða safnsins í árslok 2010 var kr. 20.291.721 Þar af voru laun og launatengdar greiðslur alls kr. 11.603.808. Eftir er að gera upp húsnæðisþáttinn og má búast við að heildarveltan verði um þriðjung hærri.

Styrkir fengust frá Safnaráði kr. 2.600.000 og frá Menningarsjóði Suðurnesja kr. 400.000. Samtals voru styrkir kr. 3.000.000

Helstu samstarfsverkefni

Forstöðumaður var formaður sýningarnefndar um farandsýningu um leiki barna, sem er samvinnuverkefni 8 safna um beitingu *samdok* aðferðarfræðinnar í safnastarfi. Undirbúningur sýningarinnar er hafin og var Ilmur Stefánsdóttir ráðin sem sýningahönnuður.

Forstöðumaður sat í ritnefnd um Safnastefnu á sviði Þjóðminjavörslunnar 2010-2014, sem gefin var út á árinu.

Unnið var að innleiðingu stafræns myndabanka ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Reykjanesbæjar.

Aðstoðað var við húsakönnun á hluta af gömlu Keflavík en verkefnið var í höndum Kanon arkitekta.

Fundir og ráðstefnur

Forstöðumaður, safnvörður og Björk Bergsdóttir, sóttu farskóla safnmanna sem haldinn var á vesturlandi dagana: 29. september til 1. október.

Forstöðumaður flutti erindi um sögu Keflavíkurkirkju í kirkjunni þann 14. febrúar í tilefni 95 ára afmælis kirkjunnar.

Forstöðumaður sat fund safna á sviði Þjóðminjavörslunnar sem þjóðminjavörður boðaði til og haldinn var í húsakynnum Þjóðminjasafns Íslands.

Húsnæðismál safnsins

Í byrjun árs var ljóst að leita þyrfti að nýju varðveisluhúsnæði fyrir safnið. Bæjaryfirvöld áttu þriðjung í gamalli trésmíðaverksmiðju, við Seylubraut 1, Innri Njarðvík, en í daglegu tali gengur húsið undir nafninu Ramminn. Samtals er húsið um 4000 fermetrar. Ákveðið var að kaupa allt húsið og að Byggðsafnið fengi inni með varðveislu sína og skrifstofuaðstöðu í um þriðjungi hússins. Einnig var lögð áhersla á að annar safnkostur í bæjarins fengi inni í húsinu. Þar er helst Skjalasafn Reykjanesbæjar sem er undir umsjón Byggðasafns en einnig er fyrirhugað að Listasafn Reykjanesbæjar fái inn líka.

Húsnæðið er límtréshús og skipt í tvö meginhólf auk þess sem millieining er inni í stærra hólfinu. Þar er vatn, skrifstofuaðstaða og lokanlegt rými. Miðja hússins hefur verið afhent byggðasafninu. Í öðrum enda hússins, þeim aflokaða er rekin flóamarkaður af einkaaðilum en í hinum hefur fyrirtækið Latibær fengið inni. Áður en flutt var inn var sprinkler-kerfi hússins yfirfarið, sett bruna- og innbrotsviðvörðunarkerfi. Þá var unnið með hitakerfi hússins en það er blásturskerfi. Gólfíð var slípað og lakkað og húsið ryksugað alveg upp í rjáfur.

Húsið var svo afhent mánudaginn 5. júlí og tók það 10 daga að flytja lungann úr safnkostinum. Miklu skipti að búið var að undirbúa málið mjög vel, gott starfsfólk kom að málum og þar sem Ramminn er rúmgóður var fljótgert að taka við safnkostinum. Um leið og flutningum lauk hófst uppsetning safnsins í húsinu. Keyptir voru rekkar og hillur til viðbótar við það sem fyrir var og stillt upp. Í lok sumars var búið að ganga frá stórum hluta safnkostsins í hillur og rekka og skrá staðsetningu þeirra í safnskrá. Útlagður kostnaður vegna flutnings var kr. 3.227.154 þar af voru keyptar hillur og rekkar fyrir rúma milljón.

Vatnsnesvegur 8, Keflavík

Nokkur óvissa hefur ríkt um gamla íbúðarhúsið Vatnsnes, sem Bjarnfríður Sigurðardóttir gaf fyrir um 40 árum síðan til eflingar safnastarfs í bæjarfélaginu. Lengi framan af nýttist húsið fyrir sýningar, varðveislu og sem skrifstofur safnsins en húsið er hins vegar of lítið sem aðalhús byggðasafnsins og aðgengismál eru mjög erfið. Þar sem varðveislurými og aðalsýningarými safnsins eru í töluveðri fjarlæg frá húsinu þá er afar erfitt að reka húsið með annarri starfsemi safnsins. Framundan eru viðgerðir á húsinu, múrviðgerðir utanhús og að innan þarf að skipta um klæðningar og gólfefni, skoða raflagnir og endurbæta salernisaðstöðu. Til að koma í veg fyrir að húsið stæði autt var samið við lista- og handverksfólk, fimm einstaklingar, sem nýta nú húsið sem vinnustofur og greiða húsaleigu sem dekkar útlagðan kostnað við rekstur hússins. Mikilvægt er að nýta tímenn til að móta framtíðarsýn fyrir húsið.

Sýningar og miðlun

Víkingaheimar

Daganna 13. til 14. mars var safnahelgi á Suðurnesjum. Á laugardegnum var opnuð sýning í Víkingaheimum á jarðfundnum munum úr rannsókn Byggðasafnsins í Vogu í Höfnum. Dr. Bjarni F. Einarsson hafði umsjón með rannsókninni og fylgdi henni úr hlaði við opnunina. Sjá nánar um verkefnið í meðfylgjandi skýrslu.

Söguskilti

Árið 2009 setti safnið upp í samstarfi við Umhverfissvið bæjarins nokkur söguskilti mikil ánægja var með þetta framtak. Ákveðið var að fjölga þessum skiltum og setja upp á nýjum göngustíg meðfram sjávarsíðunni sem liggur frá Keflavík til Innri-Njarðvíkur. Um 30 skilti eru nú komin upp, flest unnin af Byggðasafninu um sögu en auk þeirra voru nokkur skilti um náttúrufar og fleira. Einnig sá safnið um að útvega flestar myndir sem notaðar voru á söguskiltin.

Bókasafn, samstarfsverkefni

Á safnahelginni fór af stað samstarfsverkefni Bóka- og Byggðasafns sem fólst í því að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í ljósmyndamaraþoni. Tveir aldurshópar grunnskólanemenda gátu tekið þátt. Mikið af áhugaverðum myndum bárust. Ljóst er að margir hæfileikaríkir myndasmiðir leynast í bæjarfélaginu. Þátttakendur í maraþoninu voru 114; í yngri flokknunum, 82 en í þeim eldri, 32.

Þann 21. apríl 2010 voru veitt verðlaun og viðurkenningarskjöl, um leið var sýning opnuð með öllum myndum sem bárust í maraþonið, auk þess sem þær myndaraðir sem verðlaun og viðurkenningu hlutu voru sýndar sérstaklega. Björk Guðjónsdóttir, formaður menningarráðs, opnaði sýninguna og afhenti verðlaun.

Verðlaun í yngri flokki hlaut Pétur Darri Pétursson og viðurkenningar þau Andri Snær Sölvason, Laufey Rún Jónsdóttir og Ugne Norkevicicute. Í eldri flokknunum hlaut Unnur María Steinþórsdóttir verðlaun en Brynjar Freyr Guðmundsson, Joanna K. Kraciuk og Vala Rún Pétursdóttir fengu viðurkenningu.

Í dómnefndinni sátu Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns og atvinnuljósmyndararnir Oddgeir Karlsson og Sólveig Þórðardóttir.

Sýningin stóð til 12. maí og fór þá niður í Bíosal Duushúsa sem hluti af Listahátíð Reykjavíkur, þar stóð hún út maí.

Á ljósanótt

Sett var upp sýning í Bókasafni með kvenlegum hannyrðum, flosmyndir og ýmis saumatól. Jafnframt var safnað saman í möppu myndum til greininga þar sem gestir bókasafnsins skrifa inn nöfn og fleiri upplýsingar. Þessi háttur hefur verið hafður á undangengin ár og tekist vel.

Þorrinn

Þorrakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru afhendar leikskólum Reykjanesbæjar. Þá gátu leikskólar fengið lykil að Stekkjarkoti í viku í senn og nýttu margir sér það, einkum á Þorranum.

Baðstofudagar

Voru sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Þann 17. nóvember var sagnafundur í Stekkjarkoti þar sögðu þær Helga Ingimundardóttir og Hildur

Harðardóttir frá sögu kotsins og fluttu þjóðsögur með eftirminnilegum hætti. Sunnudagurinn 21 var síðan opið hús í Ramma, dagskrá um Mörtu Valgerði Jónsdóttur og safnið sýnt..

Opið hús í Ramma og sjálfbóðaliðastörf

Á Ljósanótt var varðveisluhús bæjarins í Ramma formlega opnað. Varðveisluhúsið er svokölluð opin geymsla sem merkir að fólk getur skoðað gripina í geymslum á meðan starfsemi er í húsinu. Fjöldi fólks skoðaði opnar geymslur safnsins.

Sunnudaginn 10. október var opið hús milli klukkan 14 og 17 fjöldi fólks kom í heimsókn þessi dagur var sérstaklega hugsaður sem kynning á sjálfbóðaliðastarfi safnsins. Einn karlmaður skráði sig sem sjálfbóðaliði og hefur hann komið reglulega til starfa síðan. Þann 21. nóvember var haldinn fræðslufundur um Mörtu Valgerði Jónsdóttur, sagnaþul auk þess sem safnið var kynnt. Þar kom sjálfbóðaliði númer tvö til starfa.

Starf sjálfbóðaliða er hluti af stefnumótun safnsins um opið og virkt safn. Sjálfbóðaliðar vinna sérstök störf, eins og að greina myndir, sauma taupoka en einnig sinna þau ýmsum áhugamálum sínum varðandi varðveislu, rannsóknir minja og miðlun þeirra. Fyrsta tímabil sjálfbóðaliðans felst í að kynna safninu og vinna við hlið forstöðumanns, síðan er starf þeirra mótað eftir áhuga og getu. Ákveðið var að safnið verði ávallt opið í Ramma á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl 13 og 16. Við árslok 2010 voru komnir 3 skráðir sjálfbóðaliðar og einn hafði boðað þátttöku. Þetta prógramm var kynnt í Víkurfréttum og verður áfram unnið að kynningu á því.

Gestafjöldi

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 42.253. Í húsin í Innri-Njarðvík og Stekkjarkot komu 468 útlendingar, 411 fullorðnir Íslendingar og 336 íslensk börn eða samtals alls: 1.215, í þannig að heildarfjöldi skráðra gesta yfir árið er: **43.468**. Það var ekki talið inn á opnu húsin í Ramma en gera má ráð fyrir um 200 manns í viðbót og er þá heildarfjöldi áætlaður alls **43.668** gestir

Safnkosturinn

Munasafn BYR

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót eru 10.263, en nýskráðar voru 229 færslur, ekki tókst að ljúka nýskráningu fyrir áramót en það verður klárað fyrir janúarlok 2011. Eins og komið hefur fram var varðveislurými safnsins flutt í Ramma og þá var jafnframt keyptir til viðbótar rekkar og hillur fyrir safnkostinn og má nú segja að safnið eigi varðveislukerfi fyrir megnið af safnkostinum. Þetta er töluverð fjárfesting en afar mikilvæg. Um leið og safnið var flutt í Ramma var rekkakerfið sett upp og síðan var skipulagt staðsetningakerfi í húsinu. Safnkostinum raðað upp og staðsetning hans skráð í safnskrá.

Við áramót var safnkostur Byggðasafnsins allur geymdur í einu varðveisluhúsi, þrem sýningarhúsum og útlán voru á þrem stöðum. Staðsettir gripir safnsins eru nú 78% af skráðum safnkosti en eftir er að staðsetja 22% af skráðum safnkosti. Áhersla verður á að ljúka staðsetningu allra gripa á árinu 2011 og skráningu óskráðs safnkosts sem gæti verið um 10% af skráðum safnkosti. Stefnum við að því að geta gefið út þá yfirlýsingu að allur safnkostur munasafns sé skráður og staðsettur við árslok 2011.

Hingað til hefur safnkosturinn allur verið skráður í heimtilbúinn gagnagrunn Access, en safnið er þátttakandi í Sarpi. Sökum flutninga undanfarin ár hefur ekki gefist tími til að færa skráninguna yfir en stefnt er að því að hefja það verkefni á árinu 2011.

Myndasafn MYR, FHS, HVO.

Myndasafninu er skipt í þrjú megin söfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum. Lítið hefur áunnist í skráningu mynda þetta árið. Enda ljóslaust í geymslunni þar sem söfnin voru á fyrri hluta árs og síðan tóku við flutningar síðari hluta ársins. Ljóst er að allar þessar tilfærslur hafa ekki haft góð áhrif á safnkostinn og hefur hann látið á sjá. Einkum hitasveiflurnar sem hafa verið viðvarandi frá vormánuðum 2009 og allt fram að áramótum 2010. Erfiðlega hefur gengið að stýra hitanum í Ramma. Unnið er að lausn þessa máls og talsvert hefur áunnist.

Í almenna safninu eru skráðar 33.198 þúsund myndir. Enn er töluvert eftir óskráð. Mjög mikil vinna er eftir við að flokka þessar myndir, umbúðavæða, grisja og skanna inn valdar myndir.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 44.710 tölur. Er sú skráning lunginn úr safninu en þó er töluvert eftir að skrá en erfitt er að meta hve há sú tala er. Ljóst er að mikil vinna er eftir við að flokka og skrá það sem enn er óskráð. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og síðan að grisja og skanna inn valdar myndir..

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttaréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar myndir frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi.

Skjalasafn Reykjanesbæjar, SKR

Hafist var handa við að byggja upp gagnagrunn fyrir Skjalasafnið, við áramót voru komnar 635 færslur í skrána, einkum bæjarskjöl. Töluvert hefur verið beðið um skjöl er varða skólasókn, einkunnir og var hægt að afgreiða allar pantanir, þrátt fyrir oft mjög erfiðar aðstæður.

Í safninu eru bæði opinber skjöl bæjarfélagsins og einnig einkaskjöl. Jafnt og þétt berast aðföng frá bænum og einnig af einkaskjölum, t.d. kom inn nótnasafn Bjarna J. Gíslasonar árið 2010. En það var afrakstur verkefnis sem Menningarsjóður Suðurnesja styrkti en Bygðasafnið hafði lagt til húsnæði.

*Reykjanesbær 27. Janúar 2011
Sigrún Ásta Jónsdóttir*